

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um kostnað við endurbætur og stækkun á húsnæði Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað hafa framkvæmdir vegna endurbóta og stækkunar á húsnæði Seðlabanka Íslands kostað til þessa og hver er áætlaður endanlegur kostnaður? Hver var upphafleg kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna?

Við vinnslu svarsins var óskað eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands og byggist svarið á upplýsingum bankans.
Í aðdraganda sameiningar Seðlabanka og Fjármálaeftirlits árið 2019 var ljóst að fara þyrfti í umtalsverðar breytingar á húsnæði bankans á Kalkofnsvegi 1.
Framkvæmdum við endurbætur húsnæðisins á Kalkofnsvegi 1 er skipt í tvo fasa. Framkvæmdir á 2.–5. hæð í turni falla undir fyrri fasa framkvæmdanna og endurnýjun 1. hæðar og hluta af 2. hæð bankans sem tilheyrir kálfinum svokallaða fellur undir síðari fasa.
Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir kostnaðaráætlun og raunkostnað vegna framkvæmdanna.

	Kostnaðaráætlun – útboð	Tilboð	Raunkostnaður	Framvinda
Fasi 2 1. hæð	192.668.686	250.607.088	254.640.059	100%
Fasi 1 2. hæð	199.704.455	198.607.603	211.280.542	100%
Fasi 1 3. hæð	197.015.468	207.822.316	206.992.053	100%
Fasi 1 4. og 5. hæð	482.952.239	477.981.069	485.102.975	100%
Fasi 1 Bráðabirgðaaðstaða			83.490.608	100%
Fasi 2 Alrými	1.655.852.163	1.926.160.546	1.802.442.970	87%
Verbætur, vísitölugrunnur 174,1			132.908.902	
Samtals	2.728.193.011	3.061.178.622	3.176.858.109	